



9. júní 2022
Tilv.: 2206060

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um framkvæmd úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs, mál nr. 95/2022.

Seðlabanki Íslands vísar til draga að reglugerð um framkvæmd úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs sem birtust í Samráðsgátt stjórnvalda þann 3. júní sl. Í 6. gr. laga nr. 151/2019 um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs er kveðið á um að fjármála- og efnahagsráðherra skuli setja reglugerð þar sem m.a. skuli kveðið á um áhættuvilja og áhættustýringu ÍL-sjóðs, hvernig háttað skuli eignastýringu sjóðsins og eftirliti sem og hvert hlutverk verkefnisstjórnar skuli vera. Í reglugerðinni skuli jafnframt kveðið á um hvernig háttað skuli opinberri upplýsingagjöf til verðbréfamarkaðar sem og um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipta innherja. Seðlabankinn telur óheppilegt hversu lengi hefur dregist að setja reglugerðina þegar haft er í huga að ÍL-sjóður er mjög stórt eigna- og skuldaumsýslufélag með skráð verðbréf í kauphöll.

Seðlabankinn vísar til umsagnar sinnar um frumvarp til laga um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs frá desember 2019, sbr. nú lög nr. 151/2019.¹ Þær athugasemdir sem Seðlabankinn gerði á þeim tíma við fyrirkomulag úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs eiga ennþá við og vísast eins og áður segir til umsagnarinnar.

Reglugerðin kveður á um að markmið reksturs ÍL-sjóðs sé að draga úr misvægi eigna og skulda í efnahagsreikningi sjóðsins eins og unnt er. Samkvæmt ársreikningi ÍL-sjóðs fyrir árið 2021 er ljóst að sjóðurinn er rekinn með tapi, eigið fé sjóðsins er neikvætt, verðtryggingarjöfnuður sjóðsins er neikvæður og ef fram heldur sem horfir mun sjóðurinn ekki eiga fyrir afborgunum og vöxtum af skuldum eftir árið 2034. Því er afar mikilvægt að takast megi að draga úr misvægi eigna og skulda sjóðsins.

Í því ljósi vekur athygli að reglugerðin fjallar með mjög almennu orðalagi um áhættustefnu ÍL-sjóðs skv. 2. gr., áhættustýringu sjóðsins skv. 3. gr. og lausafjárstýringu og fjárfestingarstefnu skv. 4. gr. Með tilliti til stærðar ÍL-sjóðs og þeirra miklu fjárhagslegu hagsmuna sem ríkissjóður stendur frammi fyrir vegna

¹ Sjá umsögn Seðlabankans: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/150/150-756.pdf>

ríkisábyrgðar á sjóðnum hefði mátt skilgreina með mun skýrari hætti alla þessa þætti í starfsemi sjóðsins.

Ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar fjallar einnig um heimild ÍL-sjóðs til að útvista eigna- og lausafjárstýringu hans til þriðja aðila. Útvistunin skal byggja á fjárfestingarstefnu sem sé í samræmi við áhættuvilja sjóðsins. Vanda þarf til verka við slíka útvistun eigna- og lausafjárstýringar sjóðsins.

Fjórði kafli reglugerðarinnar fjallar um verkefnisstjórn ÍL-sjóðs sem skal vera ráðherra til ráðgjafar um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs og veita álit á ráðstöfunum í tengslum við úrvinnsluna. Verkefnastjórnin skal enn fremur gera tillögur að ráðstöfnum vegna úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs og hafa eftirlit með tilteknum þáttum í starfsemi sjóðsins, nánar tiltekið framkvæmd fjárfestingar- og áhættustefnu ÍL-sjóðs. Seðlabankinn lagði áherslu á í umsögn sinni um frumvarp til laga um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs að gætt yrði armslengdarsjónarmiða vegna ákvarðana er varða fjárhagsleg málefni sjóðsins milli ráðherra annars vegar og stjórnskipulags ÍL-sjóðs hins vegar. Að mati Seðlabankans kemur fyrirkomulag samkvæmt reglugerðinni um verkefnastjórn með óljósa ábyrgð og markmið ekki í stað slíks skipulags og uppfyllir ekki kröfur sem eðlilegt er að gera.

Eins og fram kemur hér að framan eru hér mjög miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi fyrir ríkissjóð. Gera má ráð fyrir að ríkissjóður þurfi að taka á sig verulegar skuldbindingar vegna tapreksturs ÍL-sjóðs og neikvæðs eigin fjár. Umgjörðin sem felst í drögunum að reglugerð um framkvæmd úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs er of almennt orðuð og ekki nægilega ítarleg til að viðunandi geti talist þegar svo mikið er í húfi.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Sturla Pálsson
framkvæmdastjóri
markaðsviðskipti

Hafsteinn Hafsteinsson
sérfræðingur
markaðsviðskipti

* Rafræn skilríki

Undirritað af: SÍ Hafsteinn Hafsteinsson

Kennitala: 1508622649

Tími: 09.06.2022 16:37

Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með 

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigurður Sturla Pálsson

Kennitala: 3101664569

Tími: 09.06.2022 16:50

Samþykkt

Undirritað með 